

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að hjólandi vegfarendur verði undanþegnir einstefnuakstri í eftirfarandi götum:

Ásvallagötu  
Bárugötu  
Hávallagötu  
Holtsgötu  
Hrannarstíg  
Norðurstíg  
Nýlendugötu  
Ránargötu  
Seljavegi  
Sólvallagötu  
Túngötu  
Vesturgötu  
Vesturvallagötu  
Öldugötu

Jafnframt hefur samgöngustjóri, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að bifreiðastæði við Langholtsveg 85 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
2. Að bifreiðastæði á Hagamel við Hofsvallagötu 39, Melabúðina, verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.
3. Að eftirfarandi gönguþveranir yfir Lönguhlíð verði merktar sem gangbrautir:  
tvær gönguþveranir við Barmahlíð  
tvær gönguþveranir við Mávahlíð  
tvær gönguþveranir við Drápuhlíð  
fjórar gönguþveranir yfir hjólastíga sitt hvoru megin akbrautar Lönguhlíðar við Blönduhlíð  
gönguþverun við Eskitorg
4. Að vörulosunarstæði við Tryggvagötu 21 verði gert að tveimur almennum gjaldskyldum bílastæðum og hafi 30 mínútna hámarkstíma.
5. Að óheimilt verði að leggja í fjögur bílastæði til móts við Tjarnargötu 32 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema vegna ríkisstjórnarfunda. Á öðrum tímum séu stæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu. Ráðstöfunin er tímabundin meðan ríkisstjórnarfundir verða í Tjarnargötu 32.
6. Að felld verði úr gildi 1. mgr. auglýsingar nr. 1093/2024 um að óheimilt hafi verið að leggja í bílastæði við Hverfisgötu 4-6 þriðjudaga og föstudaga milli kl. 7 og 13 nema með leyfi lögreglu. Verða bifreiðastæðin gjaldskyld í samræmi við gildandi samþykkt um gjaldskyldu á svæðinu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Reykjavík, 6. maí 2026.*

Skrifstofu stjórnslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,  
**Dagný Alma Jónasdóttir** lögfræðingur.

---

B deild - Útgáfudagur: 22. maí 2026